

Stjórn Minjasafns Austurlands kom saman til fundar í Safnahúsinu fimmtudaginn 5. sept. 2013 kl: 13.

Mætt til fundar: Sigurjón Bjarnason, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björn Aðalsteinsson, Þórdís Sveinsdóttir, Baldur Grétarsson, og Unnur Birna Karlsdóttir safnstjóri.

## Dagskrá:

### 1. Fjárhagsáætlun.

Safnstjóri lagði fram til fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 og gerð grein fyrir hækkun sumra liða á áætluninni. Áætlunin var rædd frá ýmsum hliðum og svo samþykkt, og þar með hægt að senda hana til sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem að safninu standa.

### 2. Vetraropnun og aðgangseyrir

Ákveðið var að hafa fastan opnunartíma í vetur á milli 14-16 á þriðjudögum og fimmtudögum og frítt inn á safnið.

### 3. Nýtt lagaumhverfi

Rætt var um hvort og hvaða áhrif breytingar á safnalögum hafa á starfsemi Minjasafnsins. Safnstjóri fór yfir þau mál, varðandi t.d. atriði eins og skilgreininguna viðurkenning safns og ábyrgðarsafn og þýðingu þessa fyrir söfn varðandi möguleika til styrkja, faglega uppbyggingu og rekstur.

### 4. Samningur um Minjasafnið

Þau sveitarfélög sem að Minjasafninu standa uppfærðu og endurnýjuðu efni samning byggðasamlags um Minjasafnið á árinu 2013. Safnstjóri upplýsti stjórn um að Safnaráð hefði staðfest skriflega samþykki sitt á samstarfssamningi sveitarfélaganna þriggja um Minjasafnið, sem ígildi stofnsamnings. Verði breytingar á samningnum í framtíðinni skal leggja hann aftur fyrir safnaráð til samþykkis.

### 5. Fréttir af framkvæmdum

Safnstjóri greindi frá að samkvæmt upplýsingum sem hún hefði þá stæði til á árinu 2013 að setja svalor á húsið að vestanverðu, skv. teikningu, þ.e. koma á húsið ofan við dyr á jarðhæð byggingarinnar. Þessar svalor eiga líka að taka við snjóhrapi af þakinu þarna megin á húsinu. Ráðgert er að setja snjóplóga á þakið hinum megin til að beina snjó frá aðalinngangi á 1. hæð. Einnig hafa farið fram viðgerðir við austurvegg vegna leka inn í geymslu Héraðsskjalasafn og í vegg á karlklósetti á jarðhæð, en þarna hefur runnið inn vatn í fjölda ára. Einnig er ráðgerð viðgerð utanhúss, við vegg að austan vegna leka inn í tæknirými á bakvið rafmagnstöflu, enda stafar stórhætta af leka við slíka töflu. Þarna hefur lekið um árabil og því mikið öryggismál að ráða bót á.

### 6. Verkefni safnsins utan Safnahússins

- **Skeggjastaðir:** Rætt og samþykkt að fela safnstjóra að fara yfir hvað þar er geymt, finna um það gögn ef einhver eru til, og gera tillögur að úrbótum varðandi geymslu á því sem þar er geymt.
- **Geirsstaðakirkja:** Rætt og samþykkt sem fyrsta skref að fela safnstjóra að kanna hvort landeigandi vilji taka tilgátuhúsið yfir til eignar og afnota. Stjórn Minjasafnsins sér af eðli málsins að rekstur og viðhald tilgátuhússins sem gengur undir nafninu

Geirsstaðakirkja fellur ekki undir lögbundin hlutverk og markmið Minjasafnsins og því sé rétt að safnið feli öðrum aðila umsjón með húsinu, ellegar verði að leggja það af. Minjasafnið er í fullum rétti með að ákvarða að leggja húsið af ef enginn vill taka við því til umsjónar og eignar því safnið er umsjónaraðili með þessu mannvirki þar eð það var reist að frumkvæði og undir verkstjórn Steinunnar Kristjánsdóttur fornleifafraeðingi í hennar safnstjóratið og húsið hefur verið á könnu Minjasafnsins síðan, en afar lítið verið hirt um það vegna fjárskorts.

- **Kjarvalshvammur:** Safnstjóri greindi frá því að lítið væri eftir Hvamminum, eins og kostur er, þ.e. með ferðum þangað annað veifið og húsinu haldið hreinu eins og hægt er. Mikil fluga safnast inn í húsið sem er hvimleitt en lítið við að gera. Stjórn fól safnstjóra að finna gögn varðandi staðinn, stöðu Minjasafnsins í sambandi, rétt þess og skyldur í málinu og eignarhald á bátnum og fleiru sem þarna er varðveitt frá tíð Kjarvals.
- **Sómastaðir:** Safnstjóri greindi stjórn frá því að uppfæra þyrfti Húsasafns Þjóðminjasafnsins við Minjasafnið og Safnastofnun Austurlands um eftirlit og umsjón með Sómastöðum. Samningurinn er efnislega orðinn úreltur og rétt að endurskoða hann í heild. Stjórn lagði til að umsjón með Sómastöðum og samningur þar um ætti að vera á höndum Safnastofnunar Fjarðabyggðar einvörðungu vegna staðsetningar hússins og á safnstjóri að kanna hljómgrunn við þann vilja stjórnarinnar og fylgja eftir ef kleyft er.
- **Lóð Safnahússins:** Rætt um þau atriði sem þarf að laga utan við húsið, t.d. að skólaverkefnið um torfbæi sem gert var fyrir nokkrum árum hefur runnið sitt skeið og rétt að breyta til á þeim parti lóðarinnar þar sem litla torfhúsið þar er byrjað að skemmast svo að það þarf að hreinsa burt og koma mold og grjóti úr því burt af grasflötinni þarna. Einnig þarf að huga að málum varðandi þá muni sem Minjasafnið geymir þarna utanhúss á lóðinni, ástandi þeirra, skráningu, og staðsetningu á lóð Safnahússins.

**7. Samstarf – Samgönguminjar:** Stjórn fól safnstjóra að hafa samband við áhugamenn um samgönguminjasafn á Austurlandi með samstarf í huga. Safnstjóri hefur óformlega átt samtöl við menn um þessi mál en fer skipulega í þetta með haustinu og mun greina frá niðurstöðu á næsta stjórnarfundi.

## 8. Önnur mál:

**Aðild Minjasafnsins að Ljósmyndasafninu** stuttlega rætt og safnstóra falið að fara yfir ferilinn í aðkomu Minjasafnsins að Ljósmyndasafninu með það að markmiði að efla og bæta hlutina til hagsbóta fyrir bæði söfnin.

## Galtastaðir fram

Rætt var um hvort einhver tíðindi væru frá Húsasafni varðandi gamla bæinn á Galtastöðum fram og hvaða stefnu Þjóðminjasafnið ætlar að taka varðandi aðgengi að bænum. Safnstjóri greindi stjórn frá því að verið væri að vinna í málum og á meðan væri bærinn lokaður ferðamönnum og hefði hliðinu verið læst þess vegna og merking um lokun sett við hliðið, og að húsin hefðu verið girt af. Gamli bærinn hefði hins vegar látið á sjá vegna ágangs veðra og svo sauðfjár í vor og sumar, fram að því að girt var. Eftirfarandi brýning til Þjóðminjasafnsins var bókuð í lok umræðu um þessi mál og mun safnstjóri koma henni á framfæri við Þjóðminjasafnið:

*Stjórn Minjasafnsins telur bráðnauðsynlegt að Þjóðminjasafnið bregðist við því að torfbærinn hefur látið á sjá þessu ári og brýnt er að þessar minjar verði ekki láttnar drabbast niður frekar en orðið er og að bærinn verði gerður sýningarhæfur á ný.*

**Eignarhald á Safnahúsinu:** Stjórnarformaður og safnstjóri hafa ekki nýjar upplýsingar í málinu að svo stöddu en safnstjóra falið að ganga á eftir því að fá upplýsingar um hvar umræða um breytt eignarhald á Safnahúsinu væri stödd. Málið er brýnt enda hefur flókið eignarhald á Safnahúsinu hamlað nauðsynlegu viðhaldi og framkvæmdum við húsið síðan það var tekið í notkun árið 1995. Stjórnin bókar eftirfarandi áskorun til hlutaðeigandi aðila:

*Stjórnin telur mikilvægt að sveitarstjórnir sem eiga hlut í Safnahúsinu á Egilsstöðum afgreiði til loka allt sem viðkemur ákvörðunum um eignarhald hússins og að gengið verði frá endanlegri breytingu á eignarhaldi á húsinu fyrir áramót 2014.*

Fundi slitið kl. 15

Unnur Birna Karlsdóttir

ritaði